

Bjargtangar

Félag land- og sumarhúsaeigenda á Hvallátrum við Látrabjarg

Reykjavík, 13. apríl 2012

Nefndarsvið Alþingis
Alþingi Íslendinga
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum (þingskjal 1148-713. mál)

Frumvarp það sem smíðað hefur verið í umhverfisráðuneytinu byggir á skýrslu um verndun og endurreisn svartfuglastofna þar sem lögð er til friðun á svartfuglastofnun í 5 ár og lagt er til að sú friðun nái til fuglaveiða og eggjatínslu. Frumvarpið gengur miklu lengra en tillögur skýrsluhöfunda og verði það að lögum verða hlunnindaveiðar hvers konar bannaðar, nema undanþága verði veitt af umhverfisráðherra.

Það kemur stjórn Bjargtanga á óvart að skýrsluhöfundar leggja til algjört bann á veiðum og eggjatínslu allra svartfuglategunda til 5 ára (lunda- og teisutegg hafa reyndar ekki verið tínd). Í skýrslunni kemur fram að fækkun svartfugla hefur verið á bilinu 20 til 40% frá 1983-6 til 2005-8 (22 árum). Mest hefur fækkunin verið í litlu björgunum, en í Látrabjargi sem er með helming alls svartfugls á Íslandi er fækkunin miklu minni, nærri engin hjá nefskerja og um 30% í langvíu og álku (bls. 8 í skýrslu). Viðkomubrestur hefur verið mestur hjá lundastofninum í nokkur ár og algjört hrun var í varpi hans á flestum stöðum árið 2011, en lundastofn Látrabjargs er mjög lítill og hefur ekki verið nýttur.

Skýrsluhöfundar byggja á þeirri forsendu hver tegund hafi einn stofn fyrir allt landið og því geti aðgerðir ekki verið svæðisbundnar. Yfir 90% af svartfugli (álku, langvíu og nefskera) eru í stóru björgunum, Látrabjargi og Hornstrandabjörgunum. Lundinn er aftur á móti í eyjum. Ef hver tegund hefur einn stofn fyrir allt landið, þá verður að líta á að fuglaveiðar í Hornstrandabjörgunum og Látrabjargi eru litlar eða engar og þar eru aðeins stunduð eggjataka. Þekkt er veiði svartfugla í Látrabjargi frá 19. öld og fyrri hluta 20. aldarinnar, og vitað er að hún var stunduð fyrr á öldum og allt frá landnámi. Þá voru veiddir á bilinu 15 til 36 þúsund fuglar á ári, en samt var staðið þannig að veiðunum, að aldrei voru tekin egg og fugl á sömu stöðum í bjarginu. Eftir miðja 20. öld lögðust fuglaveiðar að mestu af og eru núna engar. Egg hafa aftur á móti verið tekin áfram. Á fyrri hluta 20. aldarinnar gat tínslan verið 10 til 20 þúsund egg og sum ár er hugsanlegt að helmingi fleiri egg hafa verið tínd þegar vel viðraði á varptíma, en eggjatínsla ræðst mjög af veðri. Má ætla að þessi veiði hafi verið um 1-2% af öllum eggjum í bjarginu og vegna þess að nær eingöngu voru langvíu og álkuegg tekin,

Þá gæti tínslan hafa verið um 2-3% þessara stofna. Á seinustu árum hafa landeigendur Hvallátra og nærsveitungar farið undir bjarg í bátum og tekið egg þar sem lendandi er og þá í neðstu hillum og urðum við sjó. Þessi eggjatínsla hefur verið til eigin neyslu og gjafa í hreppnum og til skyldmenna sem ættaðir eru að vestan. Það er því ekkert sem bendir til að þessi takmarkaða eggjatínsla geti leitt til þeirrar fækkunar sem hefur átt sér stað í svartfuglastofnum, sérstaklega í ljósi þess að átuskortur, sem veldur unगादाuða, er talinn aðalorsakavaldurinn. Ungadauði er með öllu óháður eggjatöku, og því hefur eggjatínsla ekki haft áhrif á fjölda unga sem kemst á legg.

Því er með öllu óskiljanleg sú nálgun sem birtist í frumvarpinu, sem er eignaupptaka á hlunnindum. Nálgunin sem lögð er fram byggir ekki á meðalhófsreglu þar sem allt of langt er gengið til þess að ná skilgreindum markmiðum. Samkvæmt fyrrgreindum tillögum verður öll hlunnindaveiði og eggjatínsla háð leyfi ráðherra ef frumvarpið verður samþykkt. Hlunnindi eru óaðskiljanlegur hluti af landareign og nýtingu þeirra má líkja við aðra nýtingu jarða, eins og matvælaframleiðslu á jörðum (sbr. 10. mgr. 2. gr. jarðalaga nr. 81/2004). Slíkur réttur er stjórnarskrárvarinn og því er ríkisvaldið að seilast ansi langt í upptöku eigna.

Markmiðum skýrsluhöfunda um friðun svartfuglastofna er vel hægt að ná með því friða svartfugl í almenningum og á hafi úti og slík nálgun væri að auki byggð á meðalhófi. Þar með næst algjör friðun á skotveiði á svartfugli, því hann er ekki veiddur í björgum eða skotinn af landeigendum undir þeim og hafa t.d. Vestmannaeyingar hætt lundaveiði meðan stofninn er lítill og þurfti ekki lagasetningu til. Um slíka friðun mundi nást sátt í samfélaginu. Eggjatínsla í stóru björgunum er sáralítill. Ef eggjatínsla verður bönnuð, tapast þekking og reynsla í nýtingu fuglabjarga og það mun leiða til þess að litlar líkur verði á að þessi auðlind verði nýtt í framtíðinni, því að erfitt verður að aflétta banni sem heimilað hefur verið í lögum og með löngu veiðibanna tynist þekking á hvernig staðið er að eggjatínslu.

Stjórn Bjargtanga er sannfærð um að bjargmenn munu skila skýrslu árlega um eggjatöku í samvinnu við Umhverfisstofnun. Það er því mikilvægt að umhverfisráðuneytið vinni með landeigendum um skynsamlega nýtingu fuglastofna eins og eggjatínsla er. Landeigendur hafa ætíð farið mjög vel með auðlind sína, svartfuglinn, og nýtt hann af hófsemi og á sjálfbæran hátt. Stjórn Bjargtanga harmar að umhverfisráðherra hefur ekkert tillit tekið til vel ígrundaðrar umsagnar hennar um frumvarpsdrögin.

Stjórn Bjargtanga leggst þess vegna gegn fyrirhugaðir lagasetningu og einnig við banni við eggjatöku í fuglabjörgum og telur að allt of langt sé gengið miðað við markmiðin sem stefnt er að.

Fyrir hönd stjórnar Bjargtanga.

Virðingarfyllst,



Gísli Már Gíslason

formaður